

Samkeppni um útilistaverk í Fljótsdal

Vinningstillaga

Listamaður:
Helgi Kristinsson

Veðurómur

Lýsing listamannsins á verki sínu:

Hugmyndin er að mynda gagnvirk samband milli Kárahnjúka og Fljótsdals. Það er gert með því að tengja hljóðverkið við sjálfvirka veðurathugunarstöð Landsvirkjunar við Kárahnjúka.

Hljóðverkið byggist á mæligögnum um raka, hitastig, vindhraða og loftþrýsting. Hvert þrep í viðkomandi mælingu mun eiga sér hljóð. Tölvubúnaður í Fljótsdal á samskipti við tölvubúnað veðurathugunarstöðvarinnar á Kárahnjúkum með mest 10 mínútna millibili. Veðurupplýsingunum er svo breytt í hljóð sem er útvarpað með útvarpssendi. Alltaf er fjórum hljóðum útvarpað á sama tíma sem þá mynda hljóðverk hvernar stundar fyrir sig (eitt hljóð úr hverri tegund mælinga). Hljóðin endurtaka sig þar til að nýjar upplýsingar berast. Miðað er við að útvarpsmerkið náist í um 10 km fjarlægð frá Fljótsdalsstöð. Upplýsingar um verkið verða á vegskiltum þar sem fram kemur að á ákveðinni bylgjulengd sé veðurtegt hljóðlistaverk. Eitt ætí að standa við þjóðveginn á þeim stað þar sem fólk kemur inn í hljóðrýmið og annað á bilastæði við stöðina.

Ég vildi nálgast verkið með það í huga að nýta náttúruna og umbreyta henni í manngert form. Ferðalag upplýsinga og ósýnileiki eru einnig stór hluti af hugmyndinni. Haft var að leiðarljósi ferðalag vatnsins frá Kárahnjúkum niður í Fljótsdal og umbreyting þess í rafmagn og aftur út í náttúruna. Ég vildi yfirfæra þessa hringrás vatns í hringrás upplýsinga: úr náttúru, í gegnum tölvu, síma, tölvu, útvarpssendi og aftur út í náttúruna.

Veðrið spilar sitt „eigið“ hljóðverk þar sem mæligögnin eru stjórnenndur, þar af leiðandi er vald


listamannsins orðið lítið. Listamaðurinn hefur gert hljóð en ræður ekki hvernig þau eru samsétt né heldur hvort hlustað sé á verkið.

Með því að útvarpa verkinu þá er ég að virkja fólk til þess að vera hluti af listaverkinu. Virkjun almennings verður til um leið og það les á skilti að nú sé það í hljóðrými þar sem veðurtegt hljóðlistaverk er í gangi. Það þarf þá að taka ákvarðun hvort það vilji hluta, hversu hátt, hversu lengi og svo framvegis.

Þar sem nánast öll hreyfing um svæðið verður í bifreiðum og væntanlega mest hlustun á verkið í þeim, hlutgerast þær og verða litlir hreyfanlegir hljóðskúlptúrar.

Við vinnslu hljóðveðurkerfisins hef ég notast við hljóðfæri og hljóðgerla sem og hljóð úr náttúrunni s.s. vatnsnið, klakabrestir, vind og rafliñuhljóð.

Að gera hljóð fyrir veður er ógerlegt og verður aldrei annað en klór mannsins til að ná valdi á náttúrunni. Við vinnslu þessa verks sætti ég mig við og er meðvitaður um að ég er aðeins að gera manngerðan útsrúnuning á náttúrunni. Þessi útsrúnuningur á náttúrunni, ósýnileiki verksins og hringrás upplýsinga er það sem gerir verkið að því sem það er.



Hægt er að hlusta á dæmi um veðuróminn á www.landsvirkjun.is